

Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalín,  
skipulagsfulltrúi  
Hlíðavegi 6  
660



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131200091/ksj

### Lýsing vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 16. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

Breytingartillagan felur í sér eftirfarandi: Þéttbýlismörkum Reykjahlíðar verður breytt. Þau færast til vesturs að aðkomuvegi flugvallar yfir eldhraun sem þar er. Flatarmál innan þéttbýlismarkna stækkar úr 64,8 ha í 70,6 ha. Landnotkunarreitur 122-S/V breytist frá því að vera svæði fyrir þjónustustofnanir í íbúðarsvæði. Hverfisverndarsvæði er breytt. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð alls 1,4 ha á þremur lóðum. Gert er ráð fyrir svæði fyrir allt að 16 ferðapjónustuhús og öðru svæði fyrir 4 smáhýsi fyrir ferðapjónustu á eldhrauni austan og norðan við Reykjahlíðarkirkju. Svæði fyrir ferðapjónustu alls 0,15 ha sunnan þjóðvegjar þar sem verða staðsett allt að 5 smáhýsi 40 m frá Mývatni. Reitur fyrir reiðgerði staðsettur sunnan vegar.

### Áhrifamat

Að mati Umhverfisstofnunar munu áætlanir um að reisa þrjú einbýlishús, allt að 16 smáhýsi fyrir ferðapjónustu og allt að fjögur smáhýsi fyrir ferðapjónustu á Eldhrauni austan og norðan Reykjahlíðarkirkju hafa mikil neikvæð sjónræn áhrif fyrir svæðið. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 njóta eldvörp, gervigígjar og eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið austan flugvallavegar er hluti af stærra eldhrauni (Eldhrauni) og er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að gætt verði að því að raska ekki hraunbreiðunni, en hún myndar landslags heild. Umhverfisstofnun bendir ennfremur á að framkvæmdir á hrauninu munu hafa neikvæð sjónræn áhrif á ásýnd kirkjustaðarins Reykjahlíð. Einnig bendir stofnunin á að mikið rými fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa er austan þéttbýlisins að Reykjahlíð á reit 116 íb.

Í verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011 - 2016 kemur fram að Mývatnseldhraun rann í Mývatnseldum og þar segir: *Mesta gosið (í Mývatnseldum) varð 1729 er hraun rann ofan frá Leirhnjúk alla leið niður í Mývatn. Hraunið er þar brann (Eldhraun) er enn lítt gróið og*

*liggur milli Reykjahlíðar og Grímsstaða. Þetta hraun rann umhverfis Reykjahlíðarkirkju. Einnig segir í verndaráætluninni: Mývatnseldhraunið rann í mjórri lænu ofan af Kröflusvæðinu og niður í Mývatn þar sem það breiddi úr sér. Hraunlænan heitir nú Eldá en hraunbreiðan við Mývatn nefnist Eldhraun. Í verndaráætlun kemur enn fremur fram að Eldhraunið er býsna fjölbreytt, það sé mikið um falleg hraunreipi á yfirborði þess og víða myndi það sprungna gúla og niðurföll. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vernda Eldhraunið sem landslagsheild og telur stofnunin að ef hrauninu verði raskað með framkvæmdum muni það hafa umtalsverð umhverfisáhrif á landslagsheildina.*

### **Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 97/2004 og reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 665/2012**

Ákvæði ofangreindra laga og ofangreindrar reglugerðar taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðu megin. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxásvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Að mati Umhverfisstofnunar er það ekki í samræmi við ofangreind lög og reglugerð að áætla svæði fyrir ferðaþjónustu í 40 metra fjarlægð frá vatninu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að áætla frekari gistipjónustustarfsemi á verndarsvæðinu vatnsmegin við þjóðveginn, í því skyni að hlífa lífríki Mývatns fyrir röskun. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við staðsetningu reiðgerðis sunnan vegar, en bendir á að reitur fyrir reiðgerði er merktur 126-O á uppdrætti en sagður 127-O í töflu yfir nýja landnotkunarreiti.

### **Lífríki og vatnalíf**

Í verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011 - 2016 kemur fram að ef markmið um að vernda líffræðilega fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár eigi að nást, verði að tryggja að vatnasviði verði ekki spillt, þar sem lífríki svæðisins er háð „heilnæmi“ vatnakerfisins. Að mati Umhverfisstofnunar eru allt að 5 smáhýsi (reitur 126-V) fyrir ferðaþjónustu innan verndarsvæðis, starfsemi sem mun auka álag á vatnakerfið og þar með á líffræðilega fjölbreytni á vatnasviði Mývatns.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda vatn og vatnskerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Nú er unnið að gerð stöðuskýrslu um ástand vatnamála og síðan verður hafin vinna við gerð vatnaáætlunar í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög. Umhverfisstofnun bendir á að aukið álag innan verndarsviðs Mývatns getur stuðlað að hnignun vatnavistkerfa Mývatns.

### **Markmið aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011 – 2023**

Í kaflanum um stefnu sveitarstjórnar í greinargerð aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 bls. 21 eru m.a. eftirfarandi markmið er varða landnotkun:

*Kappkosta skal að atvinnustarfsemi og mannvirkjagerð hafi ekki í för með sér óafturkræfar breytingar sem í framtíðinni rýri sérstöðu og gildi Mývatnssveitar fyrir óvenju litskrúðugt og fjölbreytt lífríki, landslag og jarðmyndanir.*

*Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og söguminjar við nýtingu lands og landgæða. Forðast skal röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.*

Að mati Umhverfisstofnunar falla áætlanir um að byggja smáhýsi fyrir ferðaþjónustu og

Íbúðarhús á Eldhrauni norðan og austan við Reykjahlíðarkirkju og smáhýsi vegna ferðaþjónustu innan verndarsvæðis Mývatns ekki að ofangreindum markmiðum í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Einnig er í stefnu sveitarstjórnar markmið er varðar frístundabyggð en þar segir: *Frístundabyggð verði takmörkuð við fá afmörkuð svæði þar sem aðstæður og staðhættir leyfa. Að mati Umhverfisstofnunar má líkja smáhýsum fyrir ferðaþjónustu við frístundabyggð, þ.e. mörg orlofshús á sama svæði og ætti því sama leiðarljós að gilda fyrir hvoru tveggja. Einnig bendir Umhverfisstofnun á afar metnaðarfull markmið sveitarstjórnar er varðar byggðaþróun og byggðamynstur en þar segir: *Stefnt er að falletgri og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist sem m. a. felst í viðeigandi húsgerðum, innbyrðis samræmi og góðri aðlögun að eldribyggð og umhverfi. Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsabyrpingum sem þar eru fyrir.**

Að mati Umhverfisstofnunar eru áætlanir um smáhýsaþyrpingu á Eldá sem hafa munu neikvæð sjónræn áhrif á Reykjahlíðarkirkju og umhverfi ekki í samræmi við ofangreind stefnumið. Smáhýsi í 40 metra fjarlægð frá strönd Mývatns samræmast ekki markmiðum um að sporna við frekari nýbyggingum vatnsmegin vegar umhverfis Mývatn, sem í þessu tilviki er einnig innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*A. Björg B. Guttormsdóttir*  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun

